

Mál nr. 105/2006

M
og
váttryggingafélagið X vegna bifreiðarinnar A
og
váttryggingafélagið Y vegna bifreiðanna B og C

Árekstur ökutækja á Reykjanesbraut við afrein að Vesturlandsvegi þann 06.01. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 02.06. 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf váttryggingafélagsins X, dags. 12.06. 2006.
3. Bréf váttryggingafélagsins Y, dags. 19.06. 2006.

Málsatvik.

Árekstur varð með þremur bifreiðum, A, B og C, er öllum var ekið norður Reykjanesbraut á hægri akrein. Bifreiðinni C var ekið aftan á B, sem kastaðist á bifreiðina A, sem var kyrrstæð. Er áreksturinn varð, var myrkur og blautt og hvasst í veðri.

Ökumaður A kveðst hafa ekið norður Reykjanesbraut á hægri akrein. Hafi hann þurft að stöðva á akreininni vegna bifreiðar, sem kunningi hans hefði ekið á undan A. Hafi kunninginn orðið að staðnæmast vegna þess að dekk bifreiðar hans hafði sprungið. Hafi ökumaður A kveikt á aðvörunarljósum bifreiðar sinnar, farið síðan út úr bifreiðinni í því skyni að aðstoða kunningja sinn, en þá hafi bifreiðinni B verið ekið á A.

Ökumaður B kveðst hafa ekið á hægri akrein norður Reykjanesbraut, er hann skyndilega hafi veitt bifreiðinni A athygli, þar sem hún var kyrrstæð á akreininni fyrir framan hann og hafi aðvörunarljós hennar verið kveikt. Kveðst ökumaður B þá hafa snarhægt á bifreið sinni, og reynt að gera það með þeim hætti, að ökumaður bifreiðarinnar C, sem ekið hefði verið á eftir B, gæti brugðist við í tíma. Skyndilega hafi svo C verið ekið aftan á B, þannig að B kastaðist aftan á A.

Ökumaður C kveðst hafa ekið á hægri akrein norður Reykjanesbraut á eftir bifreiðinni B. Skyndilega hefði hann veitt því athygli, að ökumaður B snarhægði á bifreið sinni. Ökumaður C hefði þá snögghemlað. Það hefði þó ekki dugað til, þar sem C hefði runnið áfram í vatnsflaumi á akbrautinni og hafnað á B, sem síðan hafi kastast á A.

Váttryggingafélagið X telur að leggja beri sök á ökumann C í máli þessu, en váttryggingafélagið Y að sökin liggi hjá ökumanni A, sem hafi skapað hættu fyrir aðra umferð með því að stöðva bifreið sína á ofangreindan hátt.

Álit.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga skal ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, vera svo langt frá því, að ekki sé hætt á árekstri, þótt ökutækið sem ekið er á undan því, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Af gögnum málsins verður ráðið, að þessa gætti ökumaður C ekki, er hann ók bifreið sinni aftan á B, sem kastaðist svo áfram á A kyrrstæða. Ekki er ástæða til að fella sök á ökumann A vegna stöðvunar ökutækis síns á þann hátt og við þær aðstæður, sem hér að framan hefur verið greint. Þá verður ökumaður B ekki talinn bera nokkra ábyrgð á árekstrinum. Ökumaður C telst því einn eiga sök á tjóninu.

Niðurstaða

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðarinnar C.

Reykjavík, 4. júlí 2006

Rúnar Guðmundsson

Sigmar Ármannsson

Jón Magnússon